

1981 nr. 44 26. maí Lög um horfna menn

I. kafli. Um heimild [héraðsdómara]¹⁾ til að úrskurða, að um bú horfins manns skuli fara sem um dánarbú.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **1. gr.** Nú hverfur maður, og atvik benda eindregið til þess, að hann sé látinn. Getur [héraðsdómari]¹⁾ þá úrskurðað að kröfu aðilja, sem lögmætra hagsmuna hefir að gæta, að um bú mannsins fari sem væri hann látinn.

□ Gögn um hvarf manns skulu lögð fyrir [héraðsdómara],¹⁾ þar sem maðurinn átti síðast heimilisvarnarþing eða þar sem hann dvaldist síðast. [Héraðsdómari]¹⁾ leysir úr því með úrskurði, hvort gögn þessi séu fullnægjandi. Sömu aðiljar og greinir í 1. mgr. geta skotið úrskurði [héraðsdómara]¹⁾ til Hæstaréttar innan 8 vikna frá uppsögu úrskurðarins. Bú manns verður eigi tekið til skipta fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, en [héraðsdómari] getur kveðið á um það í úrskurði sínum, hafi þess verið krafist, að frá uppsögu úrskurðarins¹⁾ fari um eigur hins horfna svo sem segir í II. kafla, að svo stöddu.

□ Í úrskurði [héraðsdómara]¹⁾ skal greina, hvaða dag skuli telja dánardægur manns, en við þann dag skal miða, er sennilegast þykir, að andlát manns hafi borið að höndum.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

II. kafli. Um varðveislu og ráðstöfun á fjármunum horfins manns.

■ **2. gr.** Nú [er kröfu skv. 1. mgr. 1. gr. hafnað í úrskurði héraðsdómara eða fyrir æðra dómi],¹⁾ og skal þá skipa hinum horfna manni fjárráðamann, ef þörf krefur, eftir atvikum að ósk aðilja þeirra, og greinir í 1. gr. Gilda reglur lög-ræðislaganna sérstaklega skipaða lögráðamenn um skipun fjárráðamanns og umsýslu hans.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **3. gr.** Um varðveislu og stjórn á eignum horfins manns fer með sama hætti og um eigur ófjárráða manna samkvæmt lög-ræðislagum.

□ Yfirlögráðandi ákveður, hvort og að hverju marki sé heimilt að nota eigur hins horfna manns eða arð af þeim til framfærslu barna hans og maka eða til menntunar barna. Þegar sérstaklega stendur á, er unnt að ákveða, að fé þetta verði notað til framfærslu eða menntunar annarra, sem háðir hafa verið framfærslu af hálfu hins horfna manns.

■ **4. gr.** Nú er hinn horfni maður í hjúskap, og lýtur þá hjúskapareign hans og séreign stjórn maka hans eða maka og fjárráðamanns í sameiningu, ef skipaður hefir verið.

□ Nú tæmist maka hins horfna arfur eftir að hann hverfur eða hann hlýtur verðmæti að gjöf, og ber þá að halda því fé utan skipta á hjúskapareignum, ef til skipta kemur með honum og hinum horfna manni eða erfingjum hans.

III. kafli. Dómur um, að horfinn maður skuli talinn látinn.

■ **5. gr.** Unnt er að ákveða með dómi samkvæmt þessum kafla, að horfinn maður skuli talinn látinn, enda hafi á undan farið opinber stefna í Lögbirtingablaði um, að slíkt mál verði höfðað, og að fullnægðum öðrum þeim skilyrðum, sem greinir hér á eftir.

■ **6. gr.** Kröfu um, að opinber stefna verði gefin út, er unnt að bera upp við héraðsdómara . . .¹⁾ þegar 3 ár eru liðin frá því, að síðast spurðist til hins horfna manns eða vitað var, að hann væri á lífi.

□ Nú þykir sýnt, að hinn horfni maður hafi ratað í lífsháska eða miklar líkur eru að öðru leyti á, að hann sé látinn, t.d. vegna þess að skip eða loftfar, sem hann hefir verið á eða í, hefir farist, og er frestur samkvæmt 1. mgr. þá 4 mánuðir.

□ Sóknaraðilar samkvæmt 1. mgr. geta verið maki hins horfna, niðjar hans, þ. á m. kjörniðjar, aðrir erfingjar og aðrir þeir, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að fá dómsúrlausn um, að hinn horfna manns skuli telja látinn. Dómsmálaráðuneytið getur og haft uppi kröfu, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla vandamanna.

¹⁾ L. 92/1991, 75. gr.

■ **7. gr.** Mál til úrlausnar um, að horfinn manns skuli telja látinn, má höfða hér á landi, ef síðasta lögheimili hins horfna var hér á landi eða ef síðasti kunnir dvalarstaður hans var hér.

□ Nú var síðasta heimilisfang hins horfna eða síðasti kunnir dvalarstaður utan Íslands, og má allt að einu höfða mál hér á landi, ef annað tveggja er:

a. að sóknaraðili er maki hins horfna, og eigi makinn heimili hér á landi og sé íslenskur ríkisborgari eða hafi verið það, er hjúskapur var stofnaður, eða

b. að hinn horfni eigi eigur hér á landi, en þá hefir dómur aðeins gildi að því er þær varðar.

■ **8. gr.** Mál skal höfða fyrir héraðsdómi, þar sem hinn horfni átti síðast heimilisfang eða dvaldist, eða fyrir héraðsdómi, sem dómsmálaráðuneyti ákveður.

■ **9. gr.** Dómurinn skipar lögmann til að gæta hagsmuna hins horfna manns, og greiðist þóknun hans og önnur útgjöld eftir reglum um gjafvörn. Dómurinn getur þó ákveðið, að þetta hvort tveggja sé greitt af eignum hins horfna manns.

■ **10. gr.** Þegar dómara hefir borist krafa samkvæmt 6. gr. og gögn með henni, kveður hann sóknaraðila, maka hins horfna og nánustu ættingja hans og vandamenn, til dómþings, svo og aðra þá, sem ætla má að geti veitt upplýsingar um hvarf manns þess, er talinn er horfinn. Taka skal dómskýrslur af mönnum þessum eftir því sem dómari telur þörf á. Enn fremur skal kveðja réttargæslumann skv. 9. gr. á dómþingið.

□ Nú þykir dómara fram komin sönnunargögn eigi fullnægjandi, og getur hann þá veitt sóknaraðila færi á að koma að frekari gögnum. Nú sinnir hann því ekki eða gögnin þykja ella eigi viðhlítandi og hafnar dómari þá kröfu með úrskurði.

■ **11. gr.** Nú telur dómari fram komin nægileg sönnunargögn fyrir því, að maður sá, sem krafa lýtur að, hafi verið horfinn um það tímabil, er segir í 6. gr., og eigi þykir á hinn veg sannað, að hann sé látinn. Gefur dómari þá út opinbera stefnu, er birta skal í Lögbirtingablaði og í blöðum og öðrum fjölmiðlum, ef þörf þykir á, og skal þar greint frá því, að dómþing verði háð á nánar greindum degi og stað, þar sem fjallað verði um kröfu um, að dómur verði upp kveðinn þess efnis, að tiltekinn maður verði talinn látinn. Í stefnu skulu einnig þeir, sem upplýsingar geta gefið í málinu, hvattir til að tilkynna dóminum um vitneskju þeirra. . . .¹⁾

□ Frá birtingu stefnu skulu líða 3 mánuðir, uns dómþing verður háð skv. 12. gr.

¹⁾ L. 91/1991, 160. gr.

■ **12. gr.** Dómari kveður sóknaraðila og réttargæslumann til dómþings þess, sem ákveðið er í hinni opinberu stefnu skv. 11. gr. Skulu þar lögð fram stefna og frekari gögn, ef því er að skipta, og veita skal sóknaraðila og réttargæslumanni hins horfna kost á að reifa gögn og flytja mál með sama hætti og almennt er um einkamál í héraði.

□ Að svo búnu kveður dómari upp dóm í málinu, ef fallist er á að telja skuli hinn horfna mann látinn, en úrskurð, ef kröfu aðilja er hrundið.

□ Í dómi, sem kveður á um, að horfinn mann skuli telja látinn, skal tekin afstaða til þess, frá hvaða tíma telja skuli andlát manns. Skal í því efni miða við síðasta dag í þeim mánuði, sem frestur rann út skv. 6. gr. 1. mgr., eða þann dag, þegar sennilegast er, að andlát manns hafi borið að höndum, sbr. 6. gr. 2. mgr., eða síðasta dag þess mánaðar, er 4 mánaða frestur rennur út samkvæmt þeirri málsgrein, eftir atvikum.

□ Nú hverfur sóknaraðili frá kröfu sinni um, að dómur kveði á um, að horfinn maður skuli talinn látinn, og skal þá veita dómsmálaráðuneyti kost á að halda áfram málinu.

■ **13. gr.** Úrskurði dómara samkvæmt 10. og 12. gr. verður skotið til Hæstaréttar samkvæmt reglum um kæru . . . ¹⁾ Dómi samkvæmt 12. gr. verður áfrýjað til Hæstaréttar . . . ¹⁾ Sóknaraðili, réttargæslumaður og erfingjar hins horfna geta skotið úrskurði eða dómi til Hæstaréttar, svo og aðrir þeir, sem hagsmuna hafa að gæta af úrslitum máls, og enn fremur dómsmálaráðuneytið.

□ Dómi um, að horfinn mann skuli telja látinn, verður eigi fullnægt, fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, án þess að máli sé áfrýjað.

¹⁾ L. 91/1991, 160. gr.

IV. kafli. Dánarlíkur, sem dómur samkvæmt III. kafla er reistur á, reynast rangar.

■ **14. gr.** Nú kemur í ljós eftir að dómur hefir gengið, er kveður svo á, að horfinn maður skuli talinn látinn, að maður þessi er á lífi. Getur hann þá næstu 5 ár eftir það tímamark, sem dómur miðar réttaráhrif dánarlíkna við, endurheimt eign sína frá þeim, sem fengið hefir hana að arfi.

□ Nú er leitt í ljós, að hinn horfni hefir látist á öðrum tíma en við er miðað í dómnum, og getur þá sá aðili, sem rétt hefði átt til arfs, ef raunverulegt dánardægur hefir verið lagt til grundvallar, krafist eignar úr hendi þess, sem fengið hefir eign í hendur sem arf, innan sömu tímamarka og þeirra, sem greinir í 1. mgr.

■ **15. gr.** Erfingi skal aðeins afhenda það, sem hann hefir veitt viðtöku samkvæmt 14. gr.

□ Nú hefir erfingi afhent eign til annars aðilja eða neytt hennar, eða eytt henni og skal hann þá svara til verðmætis eignar, er hún var afhent eða hennar var neytt, eða henni eytt, en þó skal eigi miðað við hærri fjárhæð en núvirði eignar, sem sambærileg er að tegund og gæðum. Fjárkröfu gegn erfingja má færa niður eða fella hana niður, ef neysla munar var eðlileg, miðað við tegund hans og aðstæður, eða ef ósanngjarnt væri að láta erfingja svara til verðmætisins alls, miðað við fjárhag hans.

□ Nú hefir munur farist erfingja að ósekju, og er hann þá laus úr ábyrgð.

□ Aðili getur ekki krafist erfingja um arð af eign, sem til hefir fallið, áður en krafa um endurheimt var höfð uppi.

■ **16. gr.** Ákvæði 14. og 15. gr. eiga einnig við eftir því sem við getur átt, þegar [úrskurður hefur gengið skv. 1. gr. og hans hefur verið neytt til sönnunar á andláti til að koma fram skiptum á dánarbúi].¹⁾

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **17. gr.** Nú hefir váttryggingarfélag greitt váttryggingarfjárhæð á grundvelli dóms samkvæmt 12. gr., og hinn horfni kemur fram. Getur það þá endurheimt goldnar fjárhæðir innan þeirra fresta, sem greindir eru í 14. gr. Hægt er að lækka kröfu, ef féð hefir, svo sem eðlilegt má þykja og eins og á stendur, verið notað til framfærslu aðilja. Ákvæði 1., 3. og 4. mgr. 15. gr. eiga við um þessa endurheimtukröfu, að breyttu breytanda.

□ Kröfu þess manns, sem komið hefir fram, á hendur váttryggingarfélagi, má lækka sem nemur þeirri fjárhæð, sem váttryggingarfélag getur ekki endurheimt samkvæmt 1. mgr.

□ Váttryggingarfélag getur valið þann kost að endurheimta eigi kröfu sína á hendur viðtakanda fjár. Þegar svo stendur á, gengur sá maður, sem horfinn var, inn í rétt váttryggingarfélagsins samkvæmt þessari grein.

■ **18. gr.** Lífeyrir og annar slíkur framfærslueyrir, sem greiddur hefir verið á grundvelli dóms samkvæmt 12. gr., verður eigi endurkrafinn úr hendi þess, er við tók.

□ Nú kann sá, sem horfinn var talinn og fram hefir komið, að eiga rétt á hendur þeim, sem greiðslu hefir innt af hendi skv. 1. mgr., og lækkar þá krafa hans um þá fjárhæð, sem greidd hefir verið.

■ **19. gr.** Nú hefir erfingi gerst sekur um svik í sambandi við móttöku verðmæta horfins manns, og er hann þá bótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Sama gildir um þá, sem veitt hafa verðmætum þeim móttöku, sem greinir í 17. og 18. gr.

■ **20. gr.** Nú hefir maki þess manns, sem talinn er látinn samkvæmt dómi, sbr. 12. gr., gift að nýju, og haggar það ekki gildi hins nýja hjúskapar, þótt hinn horfni maður reynist á lífi. Ef makinn hefir eigi gift að nýju, heldur hjúskapurinn við mann þennan gildi sínu.

■ **21. gr.** Nú stendur sá maður, sem talinn hefir verið látinn með dómi samkvæmt 12. gr., til arfs eftir annan mann og arfahluta þeim, sem honum bar, hefir verið úthlutað til annars erfingja. Getur maður þessi þá krafist erfingja um verðmæti þau, sem þeir hafa hlotið, innan frests þess, er greinir í 14. gr., 1. mgr. Ákvæðin í 15. gr. og 17. gr. eiga hér við eftir því sem við getur átt, sbr. og 19. gr.

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 92/1991, 75. gr.

■ **22. gr.** Nú er dvalarstaður erfingja kunnur, en ekki er þó unnt að koma arfi til hans, og ber þá að varðveita hann samkvæmt 3. gr.

V. kafli. Gildistaka og brottfallin lög.

■ **23. gr.** Lög þessi taka gildi þegar í stað.

□ . . .